



# STARFSSKÝRSLA

Sambands íslenskra  
kristniboðsfélaga

**STARFSÁRIÐ 2019-2020**

Lögð fram á aðalfundi  
3. júní 2020

## Inngangur

Liðið ár var að hluta markað af 90 ára afmæli SÍK, afmælishátíð og undirbúningi við útgáfu bókar. Annað stórt mál á starfsárinu var tilkoma heimsfaraldurs sem hamlaði samkomu- og fundastarfi nú á vörmisseri. Þriðja þátturinn er mikilvægi þess að horfa fram á við sem getur reynst erfitt í aðþrengdum aðstæðum og niðurskurði. En í þessu öllu er gleði yfir starfinu og margvíslegum ávöxtum þess. Starf Kristniboðssambandsins snertir fólk víða úti í heimi. Einnig er gleði að sjá þann fjölda sem ber starfið uppi með fjárframlögum og gjöfum, óeingingjarnri og sjálfboðinni vinnu og fyrirbænum.



## 1. Alþjóðastarf

### Eþíópía

Megnið af verkefnum kristniboðsins eru í suðvestur hluta landsins. Þrátt fyrir að hafa ekki fasta kristniboða í landinu eins og er styður Kristniboðssambandið við starfið með margvíslegum hætti. Samstarfskirkjan, Mekane Yesu (EECMY) er stærst lúterskra kirkna á heimsvísu, með rúmar 10 milljónir, og vöxturinn áfram ör. Gríðarleg þörf er fyrir uppfræðslu forystufólks, presta og prédikara.

### Kirkju- og safnaðarstarf

SÍK styrkir ýmis verkefni á vegum kirkjunnar, svo sem þýðingu Biblíunnar á tungu Tsemaimanna sem búa í Voítódalnum og umfangsmikið boðunarverkefni til nýrra staða. Gleðidagur var í Voító í febrúar

þegar tilraunaútgáfa guðspjallanna kom út á tsemakkó, tungu Tsemaimanna. Í Ómó Rate greiðir SÍK helming launa umsjónarmanns starfsins. Starfið í Ómó Rate er enn ungt en þar eru mörg tækifæri til starfa ef SÍK hefði fjármuni og fólk til að vera á staðnum. Meðal annarra verkefna í landinu er styrkur við nemendur presta- og leiðtogaskóla og biblíuskóla kirkjunnar í Addis Abeba og rekstur biblíu- og kristniboðsskólans í Awasa. Kirkjan í Konsóhéraði, þar sem starfið hófst upp úr miðri liðinni öld, telur rúmlega 60 þúsund manns sem skiptast á 85 söfnuði.

### Dróunarverkefni

Lestrarverkefnið í Ómó Rate miðar að því efla lestrarkunnáttu almennt og að kenna fólki að kenna öðrum að lesa. Erfiðlega hefur gengið að fylgjast með framvindu þess síðustu mánuði. Verkefnið Af götu í

skóla fór af stað í lok árs 2007 og hefur gengið vel. Um 30 börn og fjölskyldur fá hjálp til að koma í veg fyrir að börnin verði betlarar á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba.

Í árslok lauk byggingu heimavistar fyrir stúlkur í framhaldsskólanámi í Konsó sem reist var fyrir arf frá Maríu Finnsdóttur.

## Kenía

Norðvesturbiskupsdæmi Evangelísk lútersku kirkjunnar (ELCK NWD) í Keníu er samstarfsaðili SÍK. Starfssvæðið nær um Pókothérað, nærliggjandi sýslur í Keníu og inn í Úganda. Dr. Kjartan Jónsson heimsótti starfssvæðið með hópi presta og fleiri í janúar og varð sjálfur eftir til að kenna á námskeiði prédikara- og djáknanema en hann hefur leyfi biskups til að sinna því. Framkvæmdarstóri SÍK skipulagði endurmenntunarnámskeið fyrir presta í febrúar og mars, en kennsla var í höndum norskra kristniboða og presta frá Keníu og Tansaníu. Að öðru leyti hefur starfinu verið fylgt eftir með tölvupóstum og símtölum.

### Kirkju- og safnaðarstarf

Stærsta framlag okkar til kirkjustarfsins er stuðningur við útbreiðsluverkefni kirkjunnar en á vegum þess starfa nokkrir prestar og prédikarar sem sumir eru studdir til náms. Starfið hefur farið vaxandi og teygir sig inn í nærliggjandi héruð og lönd, einkum til svæða úr alfaraleið. Þar á meðal eru svæði innan Túrkana, Baringo, Marakwet og nágrennlandsins Úganda.



Söfnuðir og starfsstöðvar Norðvestur-biskupsdæmisins eru nú rúmlega 250 talsins. Kirkjan biður um sjálfbóðaliða eða kristniþóða til starfa í styttri tíma í senn til að sinna fræðslumálum og ráðgjöf.

utanríkisráðuneytisins. Í haust samþykkti utanríkisráðuneytið þátttöku í nýju verkefni, að bæta aðstöðu við þrjá framhaldsskóla sem nú er unnið að. Fjárhagsáætlun verkefnisins er upp á tæpar 20 milljónir.

hún sinnir m.a. verkefnum fyrir Lausanne hreyfinguna.

## Fjölmiðlastarf

### NOREA, Sat-7 og Pak-7

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA-radio og samstarfsaðila til Kína. Markhópur þessara sendinga er einkum fólk á landsbygðinni sem ekki kemst í kirkju og hefur takmarkaða þekkingu á kristinni trú. Framlag okkar í fyrra var lækkað um helming til að nota hinn hlutann til að styrkja undirbúning sjónvarpsstarfs í Pakistan, Pak7.

SÍK er samstarfsaðili Sat7, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Framlag Kristniþóðssambandsins er tæpar tvær milljónir króna á ári. Um 80% af dagskránni er framleidd af kristnu fólki á heimavelli. Sat7 Arabic nær til arabískumælandi íbúa 21 lands í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Sat7 Pars nær til farsímælandi íbúa Íran, Afganistan og Tadjikistan. Sat7 Türk sendir til íbúa Tyrklands og nær til tyrskneskumælandi íbúa víða í Evrópu og Mið-Asíu. Með boðun, fræðslu og uppörvun er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á svæðinu til að iðka trú sína í aðstæðum sem oft eru mjög erfiðar. Fjórða rásin sendir eingöngu út barnaefni, Sat7 Kids. Fimmta deildin er Sat7 Education & Development, en í því felst framleiðsla og útsending dagskrár sem tekur á félagslegum vanda, svo sem skorti á menntun, atvinnuleysi meðal ungs fólks, fátækt og ólæsi, mannréttindabrotum og kynjamisrétti. Markmiðið er að styrkja og efla jaðarsetta hópa þessara samfélaga, svo sem konur, börn, ólæsa, fátæka, fatlaða og flóttamenn óháð trú, kynþætti eða þjóðerni. Áherslan er þrjúþætt, á menntun, heilsufar og félagslega þróun.

Sat7 hefur tekist að fá sendingar inn á þá gervihnetti sem mest eru notaðir í Mið-Austurlöndum og nú er tyrkneska rásin send út á ríkisreknum gervihnetti. Áhorfendur Sat7 eru nálægt 25 milljónum.

### Önnur erlend tengsl og samstarf

Kristniþóðssambandið er í tengslum og samstarfi við ýmsa aðila erlendis. Helst er að nefna NLM, en starfið í Eþíópíu, Keníu og Japan er unnið í samstarfi við það. Samráðsfundir eru einu sinni á ári.



### Dróunarverkefni

Kirkjan hefur í samstarfi við kristniþóðssamtök og þróunarstofnanir á Norðurlöndum byggt rúmlega 100 grunnskóla í Pókotsýslu og hefur tekið að sér stuðning við 31 framhaldsskóla. Nú þegar hlýtur hópur barna og unglinga styrk til náms en sumir styrkir eru gefnir af einstaklingum hér heima til einstaklinga eða fjölskyldna úti.



Í lok árs 2019 og við upphaf rigninga í ár féllu aurskriður á nokkrum stöðum í Pókothéraði vegna óvenjumikilla rigninga. Eigna og manntjón varð nokkurt. Í sérstakri söfnun komu inn 230 þúsund og Hjálparstarf kirkjunnar lagði fram 270 þúsund svo unnt ar að senda hálfa milljón króna til hjálpar til kaupa á aðbúnaði og matvælum handa þeim er verst urðu úti.

Síðla árs lauk uppbyggingu fyrsta áfanga stúlknaframhaldsskólans í Kamununo og lokaáfanga skólans í Propoi. Bæði þessi verkefni voru fjármöggnuð að miklu leyti af Þróunarsamvinnusviði

### Japan og Suðvestur-Asía

Upphafsár Kristniþóðssambandsins á alþjóðavettvangi var í Kína. Leifur Sigurðsson, kristniþóði starfar í Japan ásamt eiginkonu sinni Katsuko á Rokkóeyju, úthverfi Kobe í Japan. Þeirra hlutverk er að ná til nýrra í nærumhverfi sínu en Leifur sér um ungmennahóp kirkjunnar, prédikar mánaðarlega og leiðir biblulestra bæði í kirkjunni og heimahúsi. Auk þess vinnur hann að verkefnum fyrir samstarfsaðila okkar, Norska lúterska kristniþóðssambandið (NLM) sem formaður starfsstjórnar í Japan.

### Tjaldgjörðarkristniþóð og annað starf

Aðalfundur samþykkti fyrir nokkrum árum að stíga skref í átt að vaxandi tjaldgjörðarkristniþóði sem byggir á því að fólk fer til starfa, sér sjálfu sér farborða og sinnir kristniþóði í frítíma sínum sem sjálfbóðaliðar. Hluti af því er samstarf við hjónin Noru og Gíska Jónsson sem starfa við ráðgjöf og baráttu gegn mansali í Búlgaríu. Samstarfið felst í því að taka við söfnunarfé til starfs þeirra, styrkja þau lítilsháttar og miðla fréttum og fyrirbænafevnum hér á landi. Kristniþóðssambandið styrkir einnig Janet Sewell og eiginmann hennar sem starfar meðal múslíma á Bretlandi en



SÍK er einnig í samstarfi við ungliðahreyfinguna, NLM-Ung og Fjellheim, biblíuskóla NLM í Tromsø í Norður-Noregi, en hópur frá skólanum heimsótti landið í viku í september eins og undanfarin ár. Samstarfssamingur við NLM-Ung til fjögurra ára var undirritaður fyrir tveim árum sem felur m.a. í sér styrk til SÍK til að greiða laun ungmennastarfsmanns í hálfu starfi.

Samskipti við kirkjurnar í Eþíópíu, Japan og Keníu fara að mestu í gegnum NLM, en þó ekki einvörðungu. Bein tengsl eru við Konsó og Suðvestursýnúdu Mekane Yesu kirkjunnar í Eþíópíu og við Norðvesturbiskupsdæmi kirkjunnar í Keníu.

SÍK er aðili að Nordisk Indremisjonsráð og situr framkvæmdastjóri í stjórn þess.

SÍK er tengiliður Íslands í European Evangelical Missionary Alliance (EEMA). Helga Vilborg Sigurjónsdóttir sótti ráðstefnuna Refugee Highway Commission á vegum kristilegra samtaka sem haldin var í Málmei í febrúar síðast liðnum. Framkvæmdastjóri er einn af tengiliðum Lausanne-hreyfingarinnar hér á landi. Ýmis önnur óformleg tengsl eru við samtök og einstaklinga erlendis.

## 2. Innanlandsstarf

### Störf stjórnar og starfsmenn á heimavelli

Eftir aðalfund 2019, sem haldinn var 15. maí, sátu eftirtalin í stjórn SÍK: Ásta Bryndís Schram formaður, Kristján Sigurðsson varaformaður, Guðlaugur Gunnarsson ritari, Hermann Bjarnason gjaldkeri og Willy Petersen. Sigurður Pálsson og Sigrún Jóhannesdóttir voru kjörin sem varamenn til eins árs. Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins,

hefur einnig setið fundi stjórnar. Stjórn SÍK fundaði tíu sinnum á starfsárinu. Helstu viðfangsefni stjórnar voru stefnumótun, fjármál, skipulags- og starfsmannamál, starfið á kristniboðsákrinum og starfið á heimavelli. Aðrir starfsmenn eru Helga Vilborg Sigurjónsdóttir í fullu starfi sem kom í stað Kristjáns Þórs Sverrissonar, Ólafur Jón Magnússon og Ragnheiður Arnkelsdóttir bæði í hlutastarfi en Ólafur hefur nýverið látið af störfum. Kristín Bjarnadóttir lauk störfum á liðnu sumri. Starfsfólk Basarsins eru Karl Jónas Gíslason í fullu starfi en Anna Sigurðardóttir og Bjarni Árnason í hlutastarfi. Tsigie Yirga sér um þrif Basarsins og Kristniboðssalarins. Starfsfólk sinnir boðun, fræðslu og kynningu starfsins, ungmennatengslum og sér um útgáfumál, bókhald, afgreiðslu og fjáröflun, auk annarra verkefna.

### Kynning og tengsl innanlands

Mestur hluti kynningar- og boðunarstarfs SÍK fór fram á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þar sem ýmsir hópar, félög og kirkjur eru heimsótt. Nokkrir fermingarhópar innan þjóðkirkjunnar voru heimsóttir í vetur af Helgu Vilborgu Sigurjónsdóttur. Vegna faraldursins varð ekkert af heimsóknum út á land eftir áramót. Djákna- og guðfræðinemar fá fræðslu um SÍK í stofnanakynningum hvert vor. Útvarpsguðsþjónusta á kristniboðsdaginn tengdist okkur ekki að þessu sinni vegna misskilnings.

### Kristniboðsfélög og einstaklingsaðild

Starfsmenn hafa tekið þátt í ýmsum fundum kristniboðsfélaganna sem eru burðarás Kristniboðssambandsins.

Þar er fólk sem biður trúfastlega fyrir kristniboðinu, gefur reglulega til þess og sinnir ýmiss konar fjáröflun og sjálfbóðaliðastarfi. Kristniboðsfélögin taka flest samskot á samverum sínum, sum hafa tekið að sér að kosta ákveðna þætti starfsins, mörg þeirra standa fyrir eða taka þátt í einhvers konar fjáröflun, s.s. fjáröflunarsamkomu, kaffisölu, matarkvöldi, jólabasar, pökkun á skógámum til útflutnings og fleiru. Starf hvers kristniboðshóps eða kristniboðsfélags er mismunandi hvað varðar tíðni og eðli samvera.

Loks má geta þess að ýmsir vinir kristniboðsins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, biðja fyrir starfinu og styðja það fjárhagslega af mikilli trúfesti eða sinna sjálfböðnum verkefnum, án þess að vera í kristniboðsfélagi eða einstaklingsaðilar. Allt þetta fólk leggur sitt af mörkum og myndar stóra heild og bakvarðasveit starfsins sem er ómetanleg. Er þeim hér með þakkað af alhug.

### Kristniboðsvika



Kristniboðsvikan í Reykjavík var haldin aðra viku í mars sl. Hún tókst vel og voru samverur vikunnar vel sóttar nema undir lokin þegar áhrifa faraldursins var farið að gæta. Dagskráin var vegleg og vel undirbúin og yfirskrift vikunnar var „Viðbúin, tilbúin, af stað“. Undirbúningur var í höndum Helgu Vilborgar Sigurjónsdóttur, Ólafs Jóns Magnússonar og Bryndísar Schram Reed. Samverur vikunnar voru haldnar í Kristniboðssalnum nema lokasamveran var guðsþjónusta í Grensáskirkju. Á miðvikudagskvöldinu var Eþíópíukvöld með mat og var uppselt. Gestur vikunnar var Temesgen Shibru Galla sem kemur frá Eþíópíu en býr í Noregi og starfar þar sem kennari og prestur.



## Sumarmót

Árlegt kristniboðsmót á Löngumýri var haldið í júl og voru mótsgestir mjög ánægðir. Á dagskránni voru biblulestur í umsjá Leifs Sigurðssonar kristniboða, vitnisburðarstund, samfélagsstund, kristniboðssamvera og þátttaka í guðsþjónustu í Sauðárkróskirkju þar sem Bjarni Gíslason prédikaði. Í undirbúningsnefnd voru Jón Oddgeir Guðmundsson, Kristján S. Sigurðsson og Hulda B. Jónasdóttir.

## Kristniboðssalurinn og samkomustarf

Eins og undanfarin ár eru samkomur í Kristniboðssalnum á hverju miðvikudagskvöldi. Trúfastur hópur fólks sækir samkomurnar, yfirleitt 25-40 manns. Áhersla er á boðun Orðsins og gott samfélag. Haldið var áfram með áherslu liðins vetur með söngsamkomur, bænasamkomur og fræðslustundir. Um miðjan mars gekk samkomubann í garð og fram í maí var dagskrá streymt frá Kristniboðssalnum, söng, kristniboðsefni og stuttum hugvekjum. Því var haldið

áfram út maí þó svo samkomur væru opnar með takmörkunum. Á komandi vetri er ætlunin að streyma áfram einni eða tveimur samkomum í mánuði og öðru efni ef kraftar leyfa. Útsending og annað efni sem sett hefur verið á netið hefur mælst vel fyrir og ýmsir nýtt sér það úti á landi og einnig í útlöndum.

Fyrir jól var áfram staðið sameiginlega að samkomum á sunnudögum kl. 17 ásamt barnastarfi með Salti kristnu samfélagi en um áramótin tók Salt kristið samfélag alfarið við ábyrgðinni. Auk samkomuhaldsins og félagsfunda Kristniboðsfélags karla og Kristniboðsfélags kvenna, sem eiga salinn ásamt SÍK, hafa ýmsir aðrir hópar fengið salinn að láni eða á leigu.

## Íslenskukennsla

Ókeypis íslenskukennsla fyrir fólk af erlendum uppruna hefur nú verið í boði í fimm ár. Markmiðið er að veita þessa þjónustu og fá um leið tækifæri til að mynda meiri tengsl við þennan hóp. Milli 80 og 100 manns hafa verið skráðir á misseri en kennt er á þriðjudags- og föstudagsmorgnum. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir sá um

kennsluna en fjöldi sjálfbodaliða tekur þátt í verkefninu. Einnig koma mæður með ungabörn saman á mánudagsmorgnum. Auk hefðbundinnar kennslu í íslensku er mikið sungið af íslenskum lögum og nemendur fá fræðslu í íslenskri menningu og kristindómi. Rannís styrkir námskeiðin. Vegna samkomubannsins féll kennslan niður frá miðjum mars.

## Afmælishátíð, tónleikar og fleira

Sunnudaginn 20. október var 90 ára afmælis SÍK á liðnu ári minnst með veglegri samkomu í Lindakirkju. Um 300 manns sóttu hátíðina sem tókst einstaklega vel. Fulltrúar Þjóðkirkjunnar, utanríkisráðuneytis og NLM fluttu ávörp og Karl Sigurbjörnsson biskup flutti hugvekju.

Þar sem samkomubann kom í veg fyrir kaffisölu 1. maí var boðið upp á „Sumartóna“, tónleika í Kristniboðssalnum sem streymt var á Facebook. Var fólk hvatt til að gefa til starfsins og komu inn rúmlega 300 þúsund krónur. Umsjón höfðu Helga Vilborg Sigurjónsdóttir og Bjarni Gunnarsson.



Í haust heimsótti Ron Harris frá MEDIAliance í Texas Ísland að frumkvæði SÍK. Hélt hann námskeið um notkun fjölmiðla í þágu fagnaðarerindisins. Hópur úr ýmsum áttum hefur haldið áfram að hittast og ræða málin.

## Ungmennastarf

Ólafur Jón Magnússon sinnti starfi meðal ungmenna. Í haust var boðið upp á „Klúbbinn“ fyrir 10-13 ára krakka. Nokkur hópur var virkur en um leið mjög krefjandi.

Tæplega þrjátíu manna hópur tók þátt í kristniboðsmóti unga fólksins (UL) í Noregi í fyrrasumar. Vegna samkomutakmarkana verður ekki UL mót í sumar. Starfsfólk SÍK hefur skoðað framtíð ungmennastarfs og samstarf við aðra, tækifæri til ungmennastarfs meðal nýbúa og fleira sem kynnt verður á aðalfundi.

## Basarinn

Basarinn er ekki einungis nytjamaður heldur einnig starfsstöð þar sem sjálfboðaliðar og starfsmenn komast í samband við fólk, kynna starfið, spjalla við það, veitir sálgæslu og fyrirbæni og fólk er boðið að taka þátt í starfi Kristniboðssambandsins. Basarinn heldur úti Facebook síðu sem 2600 manns hafa merkt við sem ánægjuefni.

## 3. Útgáfa og kynningarmál

### Kristniboðsfréttir

Kristniboðsfréttir voru prentaðar í 4.000 eintökum og komu út tvisvar sinnum. Blaðið er mjög mikilvægur tengiliður við fjölda fólks og í blaðinu geta þau sem hafa áhuga fylgst

með fréttum af starfinu. Friðrik Hilmarsson Zimsen er ritstjóri. Í maillok fylgdi fjögurra síðna kynningarblað Morgunblaðinu í aldreifingu. Umsjón hafði Kristján Þór Sverrisson og var starfið kynnt og minnt á 90 ára afmæli SÍK. Á sama tíma var send valkrafa til áskrifenda Kristniboðsfrétta. Vegna vaxandi póstkostnaðar er nú unnið að því að fá sem flesta áskrifendur til að gefa upp netfang og að þeir fái blaðið stafrænt í stað pappírútgáfunnar.

### Bjarmi

Bjarmi, tímarit um kristna trú, kemur út þrisvar á ári. Salt ehf. útgáfufélag gefur út blaðið í samstarfi við SÍK. Ritstjóri er Ragnar Gunnarsson en með honum eru Böðvar Björgvinsson, Helena Leifsdóttir og Vigfús Ingvar Ingvarsson. Prófaralesari er Þorgils Hlynur Þorbergsson. Áskrifendum býðst nú einnig áskrift á stafrænu formi.

### Kristniboðspósturinn

Tölvubréfið Kristniboðspósturinn er sent út við og við með tilkynningar um viðburði og fleira. Flestir einstaklingar og félagar í aðildarfélögum SÍK, sem eru með netfang, fá póstin, en auk þess getur hver sem er óskað eftir honum. Um 250 manns eru á áskrifendaskrá.

### Almanakið

Kristniboðsalmanakið 2020 va gefið út í 9.000 eintökum. Því var dreift í kirkjur landsins, á Basarum og sent með Kristniboðsfréttum til allra áskrifenda þess fyrir jólin. Almanakið er góð kynning þar sem það hangir uppi allan ársins hring.

Vefsíðan [www.sik.is](http://www.sik.is) og samfélagsmiðlar

Heimasíða SÍK er einnig andlit okkar út á við. SÍK er einnig með síðu

á Facebook þar sem atburðir eru kynntir og fréttum miðlað. Vinahópur Kristniboðssambandsins þar telur nú um 1.200 manns. Að auki heldur SÍK úti instagram reikningi sem mætti virkja betur þar sem ungt fólk sækir fremur í þann miðil en Facebook

## Bókaútgáfan Salt ehf.

Salt ehf er í eigu SÍK. Í fyrrasumar kom út *Föndurbiblía barnanna*. Þá er stefnt að útgáfu ævisögu Skúla Svavarssonar og Kjellrunar Langdal, „Það er alveg satt!“ á næstu vikum en skrásetjari er Vigfús Ingvar Ingvarsson sem jafnframt fjallar um sögu starfsins almennt. Vefsíða útgáfunnar er [www.saltforlag.is](http://www.saltforlag.is). Stjórn SÍK myndar að mestu stjórn útgáfufélagsins.

## 4. Samstarfsverkefni

### Samstarfssamtök

SÍK hefur í áratugi verið í samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdentafélag. Starfsmenn hafa tekið þátt í samverum og mótum fyrir börn, unglinga og fullorðna, kynnt starfið og haft hugleiðingar og biblíulestra. Starfsmaður Kristilegu skólahreyfingarinnar (KSH) hafði skrifstofuaðstöðu á skrifstofu SÍK og SÍK styrkti einnig launasjóð KSH með þeirri ósk að efla megi tengsl unga fólksins við SÍK. Eftir þrýsting frá KFUM og K á Íslandi ákvað stjórn KSH að færa aðstöðu starfsmanns aftur inn á Holtaveg 28.

Íslenska Kristskirkjan og SÍK héldu sameiginlegt haust- og fjölskyldumót í Vatnaskógi í október. Voru þátttakendur afar ánægðir og stefnt á að endurtaka samstarfið á komandi hausti.

## Þjóðkirkjan

Góð tengsl og samstarf er við kærleikspjónustusvið Biskupsstofu. Kynning fór fram í nokkrum kirkjum á liðnu starfsári og stundum er leitað eftir efni um kristnið okkar Íslendinga. Kristniðssambandið fékk í fyrra styrk úr Kirkjumálasjóði upp á 5 milljónir króna. Samskot til starfs okkar eru tekin reglulega í fáeinum kirkjum í Reykjavík og við Tómasarmessur í Breiðholtskirkju en SÍK er í samstarfi um þær. Mörg prófastsdæmanna styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurrófastsdæmis eystra myndarlegast eða 650 þúsund krónur á liðnu ári. Einnig hafa margir söfnuðir þjóðkirkjunnar stutt starfið en mest komið frá Hallgrímskirkju, þ.e. rúmlega 2,1 milljón í fyrra m.a. vegna samskóta.

Framkvæmdastjóri SÍK er formaður nefndar þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf sem skipuð er af kirkjuráði til að efla skilning á þeim málum innan kirkjunnar.

Verkefnið um tengsl sókna á Íslandi við sóknir í systurkirkjum okkar í Keníu og Eþíópíu er í gangi en mætti vera betur sinnt. Á annan tug sókna hafa tekið að sér vináttusamband undir heitinu Söfnuður til safnaðar. Jón Pálmi Davíðsson var fulltrúi SÍK á leikmannastefnu þjóðkirkjunnar.

## Lindin og samkirkjulegt starf

SÍK styður útvarpsstöðina Lindina með mánaðarlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn og sjálfboðaliðar Kristniðssambandsins þar hugleiðingar, kynna starfið eða sinna dagskrárgerð. Lindin auglýsir samkomur og viðburði á vegum SÍK. Þrjú af svonefndum meðlimum Lindarinnar sem sitja aðalfundi hennar eru tilnefndir af SÍK. Skúli Svavarsson var með fræðsluþætti um persónur Biblíunnar fyrir jóla og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir var með þætti um jóla á kristniðsákrinum í desember. Hún er með kristniðsþátt síðdegis á mánudögum og verður áfram næsta vetur.

SÍK tekur einnig þátt í samkirkjulegum bænastundum í Friðrikskapelli þar sem beðið er fyrir þjóðinni og ráðamönnum hennar.

Framkvæmdastjóri SÍK hefur verið formaður Alfa á Íslandi undanfarin ár en takmarkaður tími til að sinna því hlutverki.

## Vettvangur þróunarsamvinnu

SÍK er í óformlegu samstarfi átta mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu sem kallast nú Frjáls félaasamtök í þróunarsamvinnu (FFB). Fundir eru þrisvar á ári, eða oftast ef þörf krefur, og rætt um sameiginleg hagsmunamál. Í samstarfi við utaríkisráðuneytið stóð hópurinn að verkefninu Þróunarsamvinna ber ávöxt. Framkvæmdastjóri situr, tilnefndur af samstarfshópnum, í Þróunarsamvinnunefnd á vegum utaríkisráðuneytisins sem er ráðherra til ráðgjafar um þann málaflokk. Ýmis samskipti eru við þróunarsamvinnusvið ráðuneytisins vegna málaflokksins og samninga um verkefni sem það styður.

## 5. Fjármál og skrifstofa

### Skrifstofa og afgreiðsla

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK er í Miðbæ við Háaleitisbraut 58-60, 2. hæð, fyrir neðan Kristniðssalinn. Bjarni Árnason sinnir daglegum störfum gjaldkera sem sjálfboðaliði en Ragnheiður Arnkelsdóttir bókhaldi.

### Basarinn

Basarinn, nytjamarcaður Kristniðssambandsins er í Austurveri. Rekstrartekjur námu 24,2 milljónum króna í fyrra. Fjöldi sjálfboðaliða aðstoðar við verðmerkingu, tiltekt og afgreiðslu. Á sama stað eru einnig til sölu bækur bókaútgáfunnar Salts og aðrar kristilegar bækur. Opnuartíminn var stytur í samkomubanninu vegna fjarveru sjálfboðaliða.

Áform um stækkun húsnæðis Basarsins hafa tafist og óvíst að af þeim geti orðið.

### Fjármál

Kristniðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Notuð frímerki og erlend smámynt er góður tekjustofn en umsjón með fríkerkjum er í höndum Jarle Reiersen og myntar í höndum Sigurjóns Gunnarssonar. Tekjur af frímerkja- og myntsölu í fyrra voru 3,5 milljónir og tekjur af verkefninu Látum skóna ganga aftur, sem unnið er í samstarfi við Sorpu, um 887 þúsund, þar sem minna barst af skóm en oft áður.



SÍK tekur við sérmerktum gjöfum í menntasjóð til menntamála í Keníu og Eþíópíu. Þær fara í skólabyggingar, skólustarf eða stuðning við einstaka nemendur eða verkefnið Af götu í skóla.

Heildartekjur ársins 2019 voru 108,3 milljónir en útgjöld 120,8 milljónir fyrir utan afskriftir. Hluti hallans er vegna verkefna sem búið var að gefa til og fjármagna áður, en eftir var að framkvæma. Heildarfjárhagsáætlun yfirstandandi árs er 101,9 milljónir króna og þar af tæpar 18 milljónir styrkur utaríkisráðuneytisins til skólabygginga í Keníu.

Sigrún Jóhannesdóttir vann í að afla fleiri styrktaraðila við starfið í haust sem skila mun um 800 þúsund krónum á ársgrundvelli sem er gott í ljósi þess hve erfiður akur það er. Jafnframt er ljóst að auka þarf tekjur eða draga úr umsvifum á næstu árum að öllu óbreyttu. Vinnur stjórnin markvisst að því að ná jafnvægi í tekjum og gjöldum á næstu tveim árum. Í vor samþykkti Norski skatturinn að gjafir norskra skattgreiðenda til SÍK væru frádráttarbærar til skatts innan settra marka og skilyrða.

### Dakkarorð

Stjórn SÍK þakkar öllum sem tengjast Kristniðssambandinu með beinum eða óbeinum hætti og hafa lagt starfinu lið með fjárframlögum, munum á Basarinn, frímerkjum, sjálfboðavinnu, fyrirbænum og öðru sem hefur orðið starfinu til eflingar. Í þessari skýrslu hafa sum nöfn verið nefnd og önnur eru ónefnd en nokkrir tugir sjálfboðaliða bera þunga starfsins og fjáröflunar hér á landi.

Við horfum fram á við í von til Drottins sem kallar til verka, að bjarga uppskerunni og bæta líf fólks til frambúðar með margvíslegri kærleikspjónustu.

*F.h. stjórnar og starfsmanna SÍK (Kristniðssambandsins)*

*Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri*



**MAKING  
GOD'S LOVE  
VISIBLE**



# Kristniboðssambandið

## - í trú, von og kærleika

Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík, sími 533 4900, netfang: [sik@sik.is](mailto:sik@sik.is), vefslóð: [sik.is](http://sik.is)  
Gjafareikningur: 0117-26-002800, kennitala: 550269-4149